

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Orkudeild

# ÍSAATHUGANIR VIÐ TANGAFOSS

og á efri hluta Þjórsársvæðisins

veturná 1964-65 og 1965-66

eftir

Sigmund Freysteinsson verkfr.

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f.

Ármúla 4, Reykjavík

ENGLISH TEXT AT THE END OF THE REPORT

( coloured sheets )

Reykjavík

Maí 1967

**RAFORKUMÁLASTJÓRI**

Orku deild

# ÍSAATHUGANIR VIÐ TANGAFOSS

og á efri hluta Þjórsársvæðisins  
veturna 1964-65 og 1965-66

eftir

Sigmund Freysteinsson verkfr.  
Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f.  
Ármúla 4, Reykjavík

ENGLISH TEXT AT THE END OF THE REPORT

( coloured sheets )

Reykjavík  
Maí 1967

## Y F I R L I T

Rannsóknir þær, sem hér er skýrt frá eru framhald af ísaathugunum á Þjórsársvæðinu, sem gerðar hafa verið allt síðan 1950. Mikill fjörkippur hljóp í þessar athuganir með sérfræðiaðstoð og styrk sem veittur var úr Sérsjóði Sameinuðu þjóðanna 1964-66.

Þessa tvo vetur hefur þekking á ísalögum orðið mun ítarlegri og hér eru m.a. birtar tölulegar upplýsingar um stærð straumvaka, varmatap, ísmyndun, ísmagn o.fl. Slíkar upplýsingar hafa fram að þessu verið af skornum skammti og engar um sum atriði.

Ljóst er orðið að með nánari rannsóknum má fá traustan grundvöll til að reikna út ísaspár fyrir ákveðna virkjunarstaði.

## E F N I S Y F I R L I T

Bls.

Yfirlit	
Efnisyfirlit	
1. Inngangur .....	1
2. Fyrri athuganir .....	3
3. Vatnafræði, veðurfar .....	4
3.1 Vatnafræði .....	4
3.2 Veðurfar .....	4
3.21 Veðurathuganir .....	4
3.22 Úrvinnsla veðurathugana. Varmatap ..	5
3.23 Vatnshiti .....	7
4. Ísalög .....	8
4.1 Nokkrar athugasemdir um ísmyndun .....	8
4.2 Ísalög 1964-65 og 1965-66 .....	10
4.21 Kaldakvísl .....	11
4.22 Tungná .....	12
4.23 Þjórsá .....	14
5. Mælingar og útreikningar á ísmyndun .....	19
5.1 Yfirlit .....	19
5.2 Vökin ofan Þjófafoss. Vatnsflötur .....	19
5.3 Útreikningar og mælingar á ísmagni .....	21
6. Útdráttur úr dagbókum .....	25
7. Heimildir .....	35

## TÖFLUR

- 1 Tangafoss. Veðurfar 1964-65 og 1965-66. Varmatap.
- 2 Tangafoss. Veðurfar 1948-1966.
- 3 Útreiknað varmatap við Tangafoss.
- 4 Tangafoss. Sólarhringsmeðaltöl lofthita og útreiknaðs varmataps.
- 5 Straum- og lindavök ofan Þjófafoss. Ísmyndun 1964-65 og 1965-66.
- 6 Vatnshitamælingar.

## MYNDIR

- 1 Yfirlitskort.
- 2 A, B Tangafoss - veðurfar. Tröllkonuhlaup - rennsli.
- 3 Langæi varmataps frá 0° C opnum vatnsfleti við Tangafoss.
- 4 Tröllkonuhlaup: vatnshæð, sýnish. Tangafoss: varmatap.
- 5 A, B, C Kaldakvísl. Vatnsflötur.
- 6 A, B, C, D Tungná. Vatnsflötur.
- 7 A, B, C, D Þjórsá. Vatnsflötur.
- 8 A, B, C, D, E Þjórsá. Vatnsflötur.
- 9 Búrfellshrönn.
- 10 Búrfellshrönn. Skurðir.
- 11 Straum- og lindavök ofan Þjófafoss. Vatnsflötur.

## 1. INNGANGUR

Veturna 1964-65 og 1965-66 voru gerðar ísarannsóknir á vatnasviði Þjórsár og Hvítár á vegum raforkumálastjórnarinnar með styrk frá Sérstjóðri Sameinuðu þjóðanna (Special Fund).

Rannsóknunum var stjórnað af tveimur norskum sérfræðingum, dr. Olaf Devik og Edvigs V. Kanavin yfirverkfr. Þeim til aðstoðar var Sigmundur Freysteinsson verkfr.

Aðalbakistöð við þessar rannsóknir var við Tangafoss við ármót Tungnár og Þjórsár og dvöldust þar að jafnaði tveir menn, þeir Hólmar Magnússon og Halldór Eyjólfsson.

Dr. Devik og Kanavin hafa skilað greinargerð um rannsóknir sínar og niðurstöður og raforkumálastjóri hefur gefið út skýrslu um veðurathuganir við Tangafoss.

Hér birtist nánari úrvinnsla ísaathugana og veðurathugana er gerðar voru þessa tvo vetur. Lítilsháttar athuganir voru einnig gerðar við neðri hluta Þjórsár og á vatnasviði Hvítár en varla er ástæða til að birta þær fyrr en meiri upplýsingum hefur verið safnað.

Vonast er til, að hér séu teknar með allar athuganir er gerðar voru og ástæða er til að birta að undanskildum ljósmyndum. Athugunarmenn tóku mikinn fjölda mynda, auk þess hefur raforkumálastjóri fengið allmikið af myndum frá Kanavin.

Í lýsingu á ísalögum og víðar eru notuð hér nokkur örnefni, sem ekki eru á kortum. Sum eru gömul en önnur nýtilbúin og er ekki ætlað til, að þau festist frekar en verkast vill. Hin helztu eru þessi:

Kolviðarhóll, Lambhagi (gömul nöfn): sjá 9. mynd.

Efri Klofaey (gamalt?): stóra eyjan í Þjórsá neðan við Sandafell.

Vaðfit (gamalt): grasfitin á austurbakka Þjórsár neðan við Tangafoss.

Tangafoss: Ármótafoss á sumum kortum.

Vaðalda: grágrýtisaldan í hrauninu um 1 km í SA frá Tangafossi.

Vaðey: eyjan í Tungná ofan við Tangafoss.

Tangavað (gamalt): Vað á Tungná við Sultartanga (um 1 1/2 km ofan Tangafoss).

Réttarfit: grasfitin sunnan við Hald.

Sultarfit: mjóa fitin ofan við Réttarfit.

Krappafoss: fossinn í Köldukvísl, þar sem hún fellur niður í þröngu gljúfrin ofan Klifshagavalla. (Krappöldur mun vera örnefni þar skammt frá).

Úrvinnsla athugana var gerð af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddssen s.f. og orkudeild raforkumálastjóra og hafa margir lagt þar hönd að verki. Sérstaklega ber að geta verkfræðinganna Helga Sigvaldasonar, sem hefur tölvað útreikninga og Kristjáns Kristjánssonar.

## 2. FYRRI ATHUGANIR

Vatnamælingar raforkumálastjóra hafa safnað upplýsingum um ísalagnir á vatnasviði Þjórsár síðan 1950. Ýmislegt hefur birt í skilagreinum en í grein Sigurjóns Rist: Þjórsárísar (Jökull, 12, 1962) er ágætt yfirlit um venjuleg ísalög og einnig lýsing á einkennum ána.

Á vegum orkudeildar raforkumálastjóra voru gerðir leiðangrar að Búrfelli 1963 og 1964. Gerðar voru ísaathuganir í Þjórsá frá Hafinu og niður fyrir Búrfell og veðurathuganir á Sámsstöðum í Þjórsárdal. Niðurstöður voru birtar í fjölrituðum skýrslum: Gunnar Sigurðsson: Ísaathuganir við Búrfell febr.-apríl 1963, Raforkumálastjóri, Rvík, apríl 1964 og Raforkumálastjóri, orkudeild: Ísaathuganir við Búrfell 12. marz - 30. apríl 1964, Rvík, maí 1965. Fjölrituð skilagrein eftir Sigurjón Rist: Ísaathuganir í neðri hluta Þjórsár okt. '64 - marz '65. (Raforkumálastjóri, Rvík, 1. apríl 1965) fjallar að vísu mest um neðri Þjórsá en þar eru einnig athuganir frá Skriðufelli á neðri hluta Búrfellshrannar. Norsku sérfræðingarnir dr. Devik og Kanavin hafa skilað álitni um athuganir sínar til Sameinuðu þjóðanna. Nokkur hluti af þeirri skýrslu hefur verið fjölritaður: Olaf Devik and Edvigs V. Kanavin: Chapters C,D, and E of the Final Report on Analysis and Consideration of the Ice Conditions in the Hvítá and Thjorsá River Systems, Southern Iceland, Oslo Oct. 1965, Reproduced by the State Electricity Authority, Reykjavik, Nov. 1965.



### 3. VATNAFRÆÐI, VEÐURFAR

#### 3.1 Vatnafræði

Rennslismælingar eru gerðar af vatnamælingum raforkumálastjóra og niðurstöður birtar í rennslisskýrslum. Eftirtaldir síritar eru á svæði því, sem hér er til athugunar:

- Vhm 94 Þórisós, vað
- " 95 Kaldakvísl, Sauðafell
- " 96 Tungná, Vatnaöldur
- " 97 Þjórsá, Tröllkonuhlaup
- " 98 Tungná, Hald
- " 99 Fossá, Háifoss
- " 100 Þjórsá, Norðlingaalda
- " 130 Þjórsá, Árskógar

Tveir hinir síðasttöldu eru að mestu óvirkir á vetrinn vegna ístruflana.

Lýsing á helztu einkennum ána sem máli skipta við ísalagnir er í grein Sigurjóns Rist: Þjórsárísar (1962).

Athugasemdir um þrepahlaup o.fl. í þessari skýrslu eru byggðar á vatnshæðarlínuritum úr vhm 97, 98 og 130 en línurit úr öðrum mælum eru ekki tekin til athugunar hér.

Staðsetning vatnshæðarmæla er sýnd á 1. mynd. Á 2. mynd A og B eru línurit yfir dagsmeðalrennsli við Tröllkonuhlaup, vhm 97, veturna 1964-65 og 1965-66.

#### 3,2 Veðurfar

##### 3.21 Veðurathuganir

Veturna 1964-65 og 1965-66 voru gerðar veðurathuganir við Tangafoss. Niðurstöður þeirra eru í fjölritaðri skýrslu: Sigmundur Freysteinsson: Veðurathuganir við Tangafoss, Raforkumálastjóri, Rvík, nóv. 1966. Í þeirri skýrslu er

samanburður á lofthita, vindhraða o.fl. við Tangafoss og á Hæli, en Hæll er næsta veðurstöð með athugunum til langs tíma. Mánaðaryfirlit um athuganir á Hæli birtast í tímariti veðurstofunnar, Veðráttunni. Dagsmeðaltöl frá Hæli síðan 1949 eru til á gatspjöldum á veðurstofunni.

Á 2. mynd A og B eru línurit yfir meðalhita og úrkomu við Tangafoss veturna 1964-65 og 1965-66. (Þar sem athuganir vantar við Tangafoss er þetta áætlað eftir ath. á Hæli.)

### 3.22 Úrvinnsla veðurathugana. Varmatap.

Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til að finna samband milli veðurfars og ísmyndunar. Á stöðum, þar sem staðviðri eru, gefst oft vel að nota dagsmeðaltöl lofthita. Á vatnasviði Þjórsár er þessi aðferð ónothæf, því að vindhraði er mjög misjafn, en hann hefur geysimikil áhrif. Hér er reiknað út varmatap frá 0° C vatnsfleti og tekið tillit til þeirra þátta veðursins, er máli skipta. Þetta varmatap er góður mælikvarði á ísmyndun, þar eð mikill hluti íssins myndast í straumvökum.

Eftirfarandi nálgunarformúlur eru notaðar við útreikninga á varmatapinu.

$$\text{Geislun: } s_1 = [23,5 - G_0 \cdot (1 - \alpha)] \cdot (1 - 0,012 \cdot N^2) + 1,05 \cdot (t_v - t_1)$$

$$\text{Uppgufun: } s_2 = 1,9 \cdot v_6^{0,845} \cdot (e_v - e_1)$$

$$\text{Uppstreymi: } s_3 = 1,2 \cdot v_6^{0,845} \cdot (t_v - t_1)$$

$s_1$ ,  $s_2$  og  $s_3$  eru í  $\text{Mcal km}^{-2} \text{ s}^{-1}$ . (Mcal = Megacal =  $10^6$  cal)

$G_0$ : sólgeislun í heiðskíru  $[\text{Mcal km}^{-2} \text{ s}^{-1}]$

$\alpha$ : eðlisendurkast vatnsflatarins

$N$ : skýjahula [0 til 8]

$t_v$ : vatnshiti [°C], hér 0° C

$t_1$ : lofthiti [°C] í 2ja m hæð

$e_v$ : eimþrýstingur yfir vatni [mb], hér 6,11 mb

$e_1$ : eimþrýstingur í lofti [mb] í 2ja m hæð

$v_6$ : vindhraði  $[\text{m s}^{-1}]$  í 6 m hæð yfir jörð

Alls verður þá varmatapið:  $S = s_1 + s_2 + s_3$   $[\text{Mcal km}^{-2} \text{ s}^{-1}]$

Í sérstakri skýrslu er gerð grein fyrir þessum formúlum, en þær eru endurbætt gerð af formúlum dr. Devíks er lengi hafa verið notaðar í Noregi. Formúlurnar eru e.t.v. ekki mjög nákvæmar en ættu a.m.k. að vera vel fallnar til samanburðar á mismunandi tímabilum.

Þegar S er í áðurnefndum einingum verður ísmyndun, I, í opnu 0°C vatni: 
$$I = \frac{1}{80} S \left[ \text{tonn km}^{-2} \text{s}^{-1} \right]$$

Til að gefa hugmynd um magn og breytileika varmatapsins á vatnasviði Þjórsár má í grófum dráttum segja, að lítið varmatap sé minna en  $80 \text{ Mcal km}^{-2} \text{s}^{-1}$ , (ísmyndun í straumvökum minni en  $1 \text{ tonn km}^{-2} \text{s}^{-1}$ ), mikið: um 160, (ísmyndun um 2 tonn  $\text{km}^{-2} \text{s}^{-1}$ ) og mjög mikið: um 240 og þar yfir, (ísmyndun um 3 tonn  $\text{km}^{-2} \text{s}^{-1}$  og meiri).

Eftir veðurathugunum við Tangafoss eru reiknuð út sólarhringsmeðaltöl varmataps 1964-65 og 1965-66, sjá töflu 1 og línurit á 2. mynd. A og B.

Til að fá samanburð á þessum tveimur vetrum og lengra aftur í tímann hefur varmatap við Tangafoss verið reiknað út eftir veðurathugunum á Hæli frá jan. 1949. Athuganir frá Hæli eru vel nothæfar í þessu skyni, sbr. töflu 3 og 4. mynd. Heildarvarmatap einstakra mánaða og ára er í töflu 2. Þar er jafnframt summa sólarhringsmeðalhita + gráðudaga í hverjum mánuði (G) en þær tölur gefa vísbendingu um hlýindakafli. Tafla 2 er gerð eftir útreikningum á sólarhringsmeðaltölum og eru þau í töflu 4.

Við athugun á töflu 2 sést, að veturinn 1964-65 hefur verið í meðallagi og 1965-66 með kaldara móti. Þrír aðrir vetur á tímabilinu hafa verið álíka kaldir og 1965-66 en aðeins einn mun kaldari (1950-51).

Eftir sólarhringsmeðaltölum varmataps við Tangafoss (tafla 4) hefur verið reiknað út langæi á varmatapinu í hverjum mánuði. Niðurstöður eru sýndar á 3. mynd. Það er athyglisvert, að jafnvel í köldustu mánuðunum er varmatapið lítið, meira en helming tímans til jafnaðar.

### 3.23 Vatnshiti

Vatnshiti var mældur að staðaldri í Tungná við Tangafoss þegar dvalizt var þar. Á nokkrum öðrum stöðum voru mælingar teknar stöku sinnum. Hitinn var mældur með kvikasilfursmælum í sérstökum hylkjum fyrir vatnshitamælingar. Skekkja mælinganna er innan við  $0,1^{\circ}\text{C}$  (mælaskekkja og ónákvæmni í álestri) nema ef um grófar skekkjur er að ræða.

Við Tangafoss var hitinn mældur við bakkann framan við húsið. Því miður er vatnshiti á þessum stað á vetrinn oft mun lægri, en meðalhiti árinna og mun það stafa af rennsli undir skörum og e.t.v. rennsli úr hrauninu ofar með ánni. (Sbr. mælingar við Vaðey 27.2. og 11.3. 1965. Síðari mælingar, 1966-67, hafa einnig staðfest, að vatnshiti getur verið mun lægri við bakkann en úti í ánni.)

Niðurstöður vatnshitamælinga eru í töflu 6. Yfirleitt er vatnshiti ekki skráður þegar hann var  $0,0^{\circ}\text{C}$  og ísmyndun á ánum.

Eins og kunnugt er af fyrri athugunum (Gunnar Sigurðsson 1964, Raforkumálastjóri 1965) er vatnshiti í Tungná og Þjórsá mjög óstöðugur. Vatnsflötur er stór miðað við vatnsmagn og ör varmaflutningur milli vatns og lofts. - Áhrif sólgeislunar síðari hluta vetrar koma vel fram í vatnshitanum; hann getur hækkað töluvert á daginn þótt frost sé (t.d. 11.4. '65).

Síritandi vatnshitamælár eru við Tröllkonuhlaup, vhm 97, frá 20.3. 1965 og við Hald, vhm 98, frá 28.3. 1965. Þessir mælár eru ónákvæmari en skyldi; sýna tæplega hitabreytingar sem eru innan við  $1^{\circ}\text{C}$ . Þeir eru því vafasamir til vetrarmælinga og hitarit úr þeim eru ekki tekin til athugunar hér.

Mælingar á undirkælingu voru ekki gerðar.

#### 4. ÍSALÖG

##### 4.1 Nokkrar athugasemdir um ísmyndun

Skilgreining orða og hugtaka og almenn lýsing á ísalögnum straumvatna er í grein Sigurjóns Rist (1962). Hér verður aðeins getið um nokkur atriði sem mestu máli skipta á svæðinu sem fjallað er um.

Í upphafi frosta kólnar vatnið í Þjórsá og a.m.k. neðri hluta Tungnár á nokkrum klukkustundum niður í 0° C, ef varmatap er eitthvað að ráði. Ef logn er veðurs leggst frostreykur yfir árnar og varmatap verður lítið, þótt frost sé töluvert. Við slík skilyrði getur árvatnið verið 2-3 daga eða lengur að kólna niður í 0° (t.d. 23.-25. nóv. 1964).

Árnar eru svo straumharðar, að lagnaðarísmyndun er óveruleg. Ísmyndunin er aðallega "dynamisk". Svífísinn sem fyrst verður vart er örþunnar plötur 1-3 mm í þvermál. Eins og venjulegt er safnast svífísinn fljótt saman í flygsur og myndar krapaför á yfirborðinu. Á brotum tæstast flygsurnar sundur og ísinn verður meira upphræður í vatninu. Í Tungná og Þjórsá ofan Búrfells ná krapaflygsurnar ekki að frjósa saman og mynda jaka, en eru jafnan frauð og lausar í sér. Grunnstingull er oft lítið áberandi í upphafi frosta, en í langvarandi frostum eru allajafna grunnstingulsbólstrar um allan árbotninn. Grunnstingullinn er sömu gerðar og krapaflygsurnar, laus í sér og losnar auðveldlega frá botni. Oft er meira og minna af grunnstingulsflykkjum, dökkum af aur, í skriðinu. Grunnstingulstíflur eins og algengar eru í smáám og lækjum eru sjaldgæfar í Tungná og Þjórsá. Grunnstingulseyjar myndast á vissum svæðum. Eftir að þeim skýtur upp vaxa þær á yfirborðinu, aðallega í straumstefnuna. Ekki er ljóst við hvaða skilyrði grunnstingull myndast helst, hann getur vaxið í mismunandi veðri, einnig í vægu frosti eða þegar alskýjað er, en stundum verður hans ekki vart, þótt ísmyndun sé mikil. Snjócoma og skafrenningur geta aukið verulega við ísinn í ánum. Þegar meirihluti kropsins stafar af snjó, eru kristallarnir mjög fíngerðir og skriðið hvítara en þegar það er eingöngu myndað úr svífís.

Á straumhörðum köflum vaxa skarir mjög hægt, en miklir landísar geta þó komið í langvarandi frostum. Þessir landísar eru að miklu leyti botnfastir og myndaðir af grunnstingli og skriði og jafnvel jakahrönnum eftir þrepahlaup. Spangir, ísþekjur og hrannir myndast á vissum stöðum. Þessar myndanir byggjast upp á móti straumi og fylgja vafalaust allar sömu lögmálum en þróað mismunandi eftir halla og gerð farvegjar, rennsli og ísmagni. Þrepahlaup eru algeng. Upptök þeirra munu oft vera vatnsfyllur þar sem skarir og grunnstingull þrengja að farveginum. Þrepahlaupunum fylgir oft mikið krapamauk og jakaburður. Skarir og grunnstingulseyjar brotna upp á kafla en annars staðar skilja hlaupin eftir íseyjar og jakahrannir. Vatnsborðshækkun við þrepahlaup er yfirleitt óveruleg. Í eftirfarandi töflu er samanburður á vatnsborðshækkun við vhm 97 við Tröllkonuhlaup og vhm 130 við Árskóga neðan Klofaeyjar í nokkrum hlaupum. Breidd árinnar við vhm 130 er um 370 m og við vhm 97 um 90 m.

Dags.	vb. hækkun cm	
	vhm 130	vhm 97
1965		
25. nóv.	28	19
28. "	23	90
3. des.	5	54
5. "	1	15
6. "	24	106

Á 4. mynd er sýnt vatnshæðarlínurit úr vhm 97 á þessu tímabili. Í útdrætti úr dagbókum, kafla 6, er lýsing á hlaupinu þ.6.des. 1965 við Tangafoss.

Jakaburður er oft mikill í hlákum. Ísa leysir mest við að þeir brotna upp í flóðum. Spangir og hrannir geta myndast úr jökum í leysingum á sama hátt og úr ísskriði, en það mun vera sjaldgæft því að venjulega er ísmagn lítið og rennsli mikið þegar jakaburður er.

## 4.2 Ísalög 1964-65 og 1965-66

Eins og segir í inngangi höfðu athugunarmenn aðsetur í veðurathugunarstöðinni við Tangafoss. Ferðalög um vatnasviðið voru mjög takmörkuð og reyndar ekki ráðgerðar reglubundnar ferðir nema meðfram Þjórsá og Tungná frá Tröllkonuhlaupi að Haldi. En jafnvel á þessum kafla var oft mjög ógreiðfært og ferðir því strjálar á stundum. Athuganir úr þessum ferðum og við Tangafoss er að finna í útdrætti úr dagbókum, kafla 6. Heildaryfirlit um ísalög á stærri svæðum fæst vart nema með athugunum og myndun úr lofti. Flugferðir til slíkra athugana voru farnar nokkrum sinnum, í sum skiptin þó aðeins yfir hluta af svæðinu. Eftir myndum og athugunum úr þessum ferðum eru dregin upp meðfylgjandi kort, 5.-8. mynd. - Loftmyndir eru ágætar heimildir um ísalög og sum þýðingarmikil atriði eins og t.d. stærð helztu vaka má mæla eftir þeim, en vatnsborðshækkarnir og margt fleira fæst aðeins með mælingum á staðnum.

Á grundvelli kortanna, 5.-8. myndar, annarra athugana 1964-66 og eldri athugana (Sigurjón Rist 1962) verður hér á eftir fjallað um einstaka kafla ána. Til glöggvunar skulu fyrst sögð fáein orð um undangengið tíðarfar þá daga sem kortin ná til (sjá jafnframt 2. mynd A og B).

14. des. 1964. Þetta er eftir 3ja vikna frostakafla; varmatap var mikið 12.-14. des.

23. febr. 1965. Miklar hlákur og flóð voru í febrúar og ísar minnkuðu mjög. Að vísu kom íhlaup 12.-13. með mikilli ísmyndun en þeir ísar hurfu fljótt.

27. marz 1965. Mikil ísmyndun var 22.-25. og mánuðurinn allur kaldari en í meðallagi.

15. jan. 1966. Miklir kuldar voru síðari hluta nóvember og mestallan desember. 4.-7. jan. var hláka og rigning og aftur þíða 11.-14. jan. og hafði ísa leyst lítillega.

24. febr. 1966. Þetta er eftir mjög mikla og langvarandi kulda og ísar vafalaust með mesta móti. Ísmyndun hafði verið lengst af frá því um miðjan nóvember og ekki leyst nema lítilsháttar í byrjun janúar.

#### 4.21 Kaldkvísl (5. mynd A, B, C)

##### 4.21.1 Ofan Þórisóss

Hér hefur lítið bætzt við fyrri athuganir. Ofan Sauðafells mun áin vera undir ísi allan veturinn, venjulega frá því um eða fyrir miðjan nóvember (Sigurjón Rist 1962). Frá Sauðafelli að Þórisósi eru lindavakir við vinstri bakka. Sjaldan mun vera um samfellda vök að ræða og vatnsflötur er hverfandi lítill.

##### 4.21.2 Þórisós - Krappafoss

Ísalög á þessum kafla eru breytileg. Í kuldu getur myndast íspekja neðst sem vex uppeftir. Þessi ís eyðist fljótt af lindavatni þegar hlýnar. Í flestum árum er Þórisós alauður og vök niður Köldukvísl frá ármótunum. 14.12.64 var íspekja frá Krappafossi upp undir Brúargljúfur og vökin aðeins um 2,5 km niður frá ármótunum. Í miklum kuldu í febr. 66 náði íspekjan áleiðis upp Þórisós, upp að hrauni um 1,5 km ofan ármóta. Í töluverðum kuldu 27.3.65 var allur þessi kafli auður.

##### 4.21.3 Krappafoss - ármót

1964-65 var þessi kafli auður allan veturinn og vatnsflötur lítið minni en að sumri. Ætla má að svo sé lengst af. Eftir mikla kulda 24.2.66 var áin meira og minna undir ísi niður að Tjaldkvísl (athuganir að vísu takmarkaðar), en Tjaldkvíslin auð og vök tæpa 3 km niður frá henni, síðan ís að miklu leyti nema tæplega 1 km vök ofan ármótanna.



#### 4.22 Tungná (6. mynd A,B,C,D)

##### 4.22.1 Ofan Blautukvíslar (í Tungnárkróki)

Í flestum árum er Tungná ofan Hófsvaðs allan veturinn undir ísi fyrir utan nokkrar lindavakir, sjá Sigurjón Rist (1962), og svo var einnig þessa tvo vetur jafnvel eftir miklar hlákur í febrúar 1965. Niður frá Hófsvaði eru lindavakir og ísalög breytileg. Eftir töluverða kulda, 14.12.64 og 27.3.65, var vök frá Hófsvaði niður fyrir Tungnárfehl, vatnsflötur um 0,6 km<sup>2</sup>. Í miklum kuldum í febr. 66 var vökin helmingi minni og náði tæplega niður að Bjallavaði. Þar sem áin breiðir úr sér neðan Tungnárfehlis var hún að mestu lögð niður að Blautukvísl í öll skiptin sem athuganir ná til. Vafalaust er áin lokuð þarna ofan Blautukvíslar flesta vetur. - Þótt athuganir hafi ekki verið gerðar á staðnum má því með nokkurri vissu segja að lítið sem ekkert skrið berst af þessum kafla árinna niður eftir nema á haustin.

##### 4.22.2 Blautakvísl - Sigalda

Við Blautukvísl og Útkvísl skiptir um og er áin ætíð auð þar fyrir neðan allt niður fyrir Sigöldu. Jafnvel í miklum kuldum (24.2.66) eru skarir óverulegar. A.m.k. 8 kl s<sup>-1</sup> af lindavatni bætast í á þessum kafla. Blautakvísl og Útkvísl, 4 kl s<sup>-1</sup>, munu vera yfir 0° C "nema í verstu byljum" og lindir í Tungnárkróki, um 4 kl s<sup>-1</sup>, eru 4-5° C (Sigurjón Rist 1962). Ísmyndun á þessum kafla er vafalaust ætíð lítil, vatnsflötur er aðeins um 0,5 km<sup>2</sup> og lindavatnið vermir.

##### 4.22.3 Sigalda - Hrauneyjafoss

Áin rennur dreift í mörgum kvíslum á þessum kafla og ísalög eru mjög breytileg. Eftir miklar hlákur í febr. 65 var vatnsflötur um 1.4 km<sup>2</sup>. Í töluverðum kuldum 14.12.64 og 27.3.65 var vatnsflötur 0,6-0,7 km<sup>2</sup> og litlu minni, eða um 0,5 km<sup>2</sup>, eftir mikla kulda í febr. 66. Áin lokast væntanlega mjög sjaldan á þessum kafla.

#### 4.22.4 Hrauneyjafoss - Hald

Áin er oftast opin á þessari leið fyrir utan spangir neðan við Hrauneyjafoss og skammt ofan við Hald þegar skrið er mikið. Vatnsflötur er breytilegur, 1,3 km<sup>2</sup> 23.2.65, um 1 km<sup>2</sup> 14.12.64 og 27.3.65 og 0,6 km<sup>2</sup> 24.2.66. Í miklum kuldu þegar áin lokast við Hald eða þar í grennd vex ísþekja (hrönn) þaðan uppeftir. Í febr. 66 komst hrönnin a.m.k. 2-3 km upp fyrir Hald.

#### 4.22.5 Hald - ármót

Ísalög eru alltaf mjög breytileg á þessu svæði. Bezt er að athuga fyrst þrjá hluta hvern fyrir sig:

1. Hald og nágrenni. Lengst af er áin opin við Hald en einu sinni til þrisvar á vetri hleður hún í sig (Sigurjón Rist 1962). Þessa tvo vetur gerðist þetta: 12. jan. 65, 13. des. 65 og 29. jan. 66. Vatnsborð hækkaði um 3-5 metra við vhm 98. Sennilega lokast áin fyrst á neðri bugðunni neðan við Hald, þar sem farvegurinn verður mjóstur (sjá 6. mynd C). Lítið var um athuganir á því hvað áin lokaðist langt uppeftir. Þegar skrið er mikið geta myndast spangir við Sultarfit og bíkláf, þótt opið sé við Hald. Í janúar og febrúar 1966 flæddi Tungná tvisvar um skeið út úr farveginum við efri bugðuna neðan við Hald og vestur í hraun.

2. Blautakvísl. Blautakvísl lokast fljótt í frostum en opnast aftur að meira eða minna leyti í hlákum.

3. Hald - Tangafoss. Litlu kvíslarnar lokast fljótt og eru lengst af lokaðar. Eftir hlákurnar í febrúar 65 hafði þó stærsta kvíslin sunnanmegin opnast. Meginállinn er mjög grunnur og þrengist smám saman í frostum af botnföstum skörum. Litlar íseyjar myndast einnig víða. Veturinn 1965-66 var oft mikill ágangur á þessum kafla, einkum norðan við Vaðöldu og upp að Haldi; stundum flæddi niður með Vaðöldu vestanmegin og suður í hraun. Vegna minnkaðs rennslis í aðalfarveginum hefur þessi ágangur sennilega flýtt fyrir vexti landísa og lokun árinnar.

Vatnsflötur á öllu svæðinu Hald - ármót var 0,7 til 0,9 km<sup>2</sup> eftir töluverða kulda (des.64 og marz 65). Í miklum kuldum í febr. 65 var áin næstum allögð, aðeins mjó vök upp frá Tangafossi. Eftir hlákur og flóð í febr. 65 var vatnsflötur um 1,5 km<sup>2</sup>

#### 4.23 Þjórsá (Myndir 7 A, B, C, D og 8 A, B, C, D, E)

##### 4.23.1 Ofan Hvanngiljafoss

Flesta vetur er áin undir ísi þarna upp frá fyrir utan nokkrar straum- og lindavakir (sjá Sigurjón Rist 1962). Athuganir 1964-66 eru afar takmarkaðar; á kortum frá 23.2. og 27.3.1965 sjást nokkrar af þessum vökum. Í febr. 1966 voru vakir mjög óverulegar. Mikið skrið mun vera á þessu svæði á haustin meðan ána er að leggja (sbr. dagbók 17.11.65).

##### 4.23.2 Hvanngiljafoss - Dynkur

Í miklum kuldum í febr. 66 var áin að mestu lokuð á þessum kafla. Venjulega mun vera vök upp frá Dynk, sbr. kort frá 24.12.64, 23.2. og 27.3.65.

##### 4.23.3 Dynkur - Gljúfurleitarfoss

Áin er mjög brött á þessari leið og lokast ekki, spangir myndast samt á nokkrum stöðum. Vatnsflötur er um 0,3 km<sup>2</sup> þegar áin er auð og hverfandi lítil í miklum kuldum.

##### 4.23.4 Gljúfurleitarfoss - ármót

Þessu svæði má skipta í þrjá kafla. Frá fossinum niður fyrir Bása eru breytileg ísalög, lagt í frostum en autt eftir meiri háttar hlákur (23.2.65). Á flugmyndun sjást leifar af allmikilli hrönn neðan fossins. Eyrarnar við Fitjaskóga voru undir íshellu í öll skiptin sem athuganir ná til, nema mjó vök um 7 km upp fyrir Blautukvísl 14.12.64. Meðfram Sultar-

tanga var áin lögð frá Blautukvísl að Skúmstungum í miklum frostum, neðan við Skúmstungur er sennilega alltaf opinn áll fyrir utan spöng skammt ofan við ármótin. Þessar athuganir eru í samræmi við lýsingu Sigurjóns Rist (1962) á ísalögnum á svæðinu. Á haustin áður en ána leggur hið efra, berst feykimikið skrið ofan að. Flestar kvíslarnar á eyrunum við Fitjaskóga lokast fljótt og einhvers staðar þar lokast áin alveg, ísþekjan vex uppeftir og hrönn hleðst upp neðan Gljúfurleitarfoss. Þegar ísmyndun ofar minnkar sker áin sig gegnum hrönnina. Neðan við þann stað sem áin lokast fyrst verður opinn áll sem lokast smám saman þegar líður á haustið eða veturinn. Íshellan við Fitjaskóga er mjög stöðug, brotnaði t.d. ekki upp í hlákum og flóðum í febr. 65. - Af framansögðu má vera ljóst, að sjaldan er að vænta verulega mikils skriðs niður Þjórsá við ármótin, nema e.t.v. skamman tíma á haustin.

#### 4.23.5 Ármót - Þjófafoss

Allan veturinn 1964-65 var þessi kafli opinn og skarir litlar nema síðari hluta des. og í janúar. Helztu ísar þennan vetur voru: Spöng og skarir í gljúfrinu við Vaðfit. Spöngin myndaðist alltaf (sex eða sjö sinnum) þegar skrið var mikið og rennsli lítið; spöngin fór í öllum hlákum þegar rennsli fór eitthvað að ráði upp fyrir  $200 \text{ kl s}^{-1}$ . Í eitt skipti (jan.65) var spöngin mynduð úr jakahröngli. Vatnsborðshækkun ofan við spöngina var 1-2 m. Álarnir vestan eyranna við Álftavelli voru lengst af lokaðir. Allmiklar skarir voru oft við Efri-Klofaey, en állinn austanmegin lokaðist aldrei. Frá Efri-Klofaey að Tröllkonuhlaupi voru skarir lengst af 10-50 m breiðar og víða mikið af íseyjum í frostum; vatnsflötur var þó lítið minni en að sumri nema í janúar. Neðan við Tröllkonuhlaup voru skarir litlar nema við Búrfellshólana. Á brotinu neðan við vhm 97 myndaðist oft íseyja, þegar skrið var mikið.

Veturinn 1965-66 gegndi öðru máli. Síðari hluta nóvember og mestallan desember 1965 voru kuldar og oft óhemju mikið skrið. Skarir uxu þó mjög lítið, fyrr en síðast í desember. Þá lok-

aðist út í Klofaey austanmegin og ísar voru út í miðja á eða lengra þar fyrir ofan. Við Efri-Klofaey voru miklar skarir og eystri állinn lokaður. Spöngin við Vaðfit myndaðist í byrjun des., en fór aftur í hlákum í byrjun janúar. Í þessum hlákum minnkuðu ísar nokkuð en þó ekki verulega. Frá 17.jan. og næstum allan febrúar voru miklir kuldar og ísar urðu nú firnamiklir. Spöngin við Vaðfit myndaðist í upphafi frostanna og í stórviðri í lok janúar óx ísþekja (hrönn) upp frá spönginni alla leið upp að Tangafossi. Yfirborð hrannarinnar var víðast 2-3 m yfir venjulegu vatnsborði og 4-5 m á 200-300 m kafla neðan fossins svo að hann fór að mestu í kaf. Frá Vaðfit að Tröllkonuhlaupi var áin meira og minna aðþrengd, sjá kort frá 24.2.66. Neðan við Tröllkonuhlaup voru einnig miklar skarir niður að Neðra-Tröllkonuhlaupi. Grunnstingulsstíflur mynduðust ofan og neðan Klofaeyjar fyrri hluta febrúar. Neðri stíflan fór í þrepahlaupi 20. febr. Vegna vatnsborðshækkunar við efri stífluna rann hluti árinna austur um hraun í lok febr. Í kulduinum seinni hluta marz lokaðist áin að mestu frá grunnstingulsstíflunni ofan Klofaeyjar upp á móts við miðja Efri-Klofaey og töluvert rennsli (um  $50 \text{ kl s}^{-1}$ ) var vestur á Álftavelli og niður í Rauða.

Heildarvarmatap veturinn 1964-65 var nálægt meðallagi (tafla 2) en samkvæmt fyrri athugunum (Sigurjón Rist 1962) voru ísar á þessu svæði minni en í meðalári. T.d. mun algengt að eystri kvíslin við Klofaey lokist. Veturinn 1965-66 var mjög kaldur og ísar sennilega nálægt hámarki. - Í flestum árum er breið og mikil straumvök alla leið frá Vaðfit að Þjófafossi allan veturinn.

#### 4.23.6 Þjófafoss - Kolviðarflatir. Búrfellshrónn.

Athuganir á þessum kafla voru fáar og eftirfarandi yfirlit er að mestu eftir Sigurjóni Rist (1962 og 1965).

Skriðið stöðvast venjulega fyrst í bugðunum við Kolviðarflatir, stöku sinnum neðar (t.d. við Gaukshöfða). Töluvert skrið getur verið dögum saman án þess að það stöðvist, vafalaust

gerist það við ákveðið samband milli rennslis, ísburðar og árbreiddar (skara). Farvegur ofan Kolviðarflata er mjög hallalítill svo að ísþekjan vex uppeftir. Við Hvassatanga eykst hallinn og hleðst þá upp hrönn. Hrönnin þekur fljótt mikið af eyrunum neðan Hvassatanga og í meiriháttar frostaköflum nær hún upp að Þjófafossi en aldrei lengra. Venjulega berst ekkert skrið niður fyrir meðan hrönnin er að hlaðast upp, en síðar kemur iðulega skrið undan henni. Nokkur vatnsborðshækkun verður í neðsta hluta Fossár. - Neðan við Þjófafoss og við Hvassatanga geta verið spangir áður en hrönnin myndast.

Í hlákum og flóðum sker áin sig oft gegnum hrönnina. Veturinn 1964-65 myndaðist hrönnin fyrst þ. 14.11. Opin vök var gegnum hrönnina:

Um 20. nóv. - 10. des.,  
 6. - 12. febrúar,  
 16. febr.- 2. marz,  
 11. - 17. marz,  
 frá 1. apríl.

Vökin var alltaf á sama stað þennan vetur, meðfram suðurlandinu. A.m.k. í febrúar var vök frá Fossá meðfram norðurlandinu. Hrönnin varð stærst í lok marz. Teknar voru loftmyndir af hrönninni 23.2. og 27.3.1965 og reiknað út rúmmál hennar eftir þeim og öðrum mælingum, sjá kafla 5. Gerður var uppdráttur af yfirborði hrannarinnar 27.3., sjá 9. og 10. mynd. Þ. 23.3. var komið að Þjófafossi og náði þá hrönnin upp að fossinum og um 2/3 hans (6 m) voru í kafi. Þ. 25.3. var aftur komið að Þjófafossi, þá sáust merki þess, að hrönnin hafði náð upp fyrir fossbrún (vb. um 2 m yfir fossbrún) en síðan dottið 4-5 m á allri leiðinni niður undir Hvassatanga. Þ. 27.3. hafði hrönnin lækkað enn við Þjófafoss (samkv. korti). Greinilegt er, að hrönnin skriður undan hallanum niður gljúfrið ofan Hvassatanga og út á eyrarnar. Neðan Hvassatanga er hún mjög úfin og ekur stórgrýti sem skriðjökull (sjá Sigurjón Rist 1962 og Gunnar Sigurðsson 1964).

Í janúar 1965 var mæld hæð hrannarinnar á nokkrum stöðum, en þær athuganir eru of litlar til að reikna megi rúmtak hrannarinnar eftir þeim. Veturinn 1965-66 voru teknar loftmyndir af hrönninni 15.1. og 24.2. 1966. Þ. 15.1. var opin vök niður undir Hvassatanga og nokkrar vakir þar neðar. Þ. 23.2. var hrönnin mun hærri en í janúar og álíka há eða hærri en 27.3. 1965.

## 5. MÆLINGAR OG ÚTREIKNINGAR Á ÍSMYNDUN

### 5.1 Yfirlit

Að magni til er krap sem myndast í straumvökum langmestur hluti íssins. Krapið er einnig þýðingarmesta ísmyndunin við rennslisvirkjanir. Æskilegt er því að geta reiknað út magn þess við ákveðin skilyrði. Til þess þarf bæði að kunna skil á varmatapinu frá vatninu og stærð vatnsflatarins. Á svæðinu sem hér er til athugunar er straum- og lindavökin ofan Þjófafoss, upp Þjórsá, Tungná og Köldukvísl, athyglisverðust. Gerðir hafa verið útreikningar á ísmyndun í þessari vök eftir þeim athugunum sem tiltækar eru.

### 5.2 Vökin ofan Þjófafoss. Vatnsflötur

Vatnsflötur Þjórsár og þveráa hennar ofan Þjófafoss er feiknamikill á sumrin (40–50 km<sup>2</sup>?). Þegar ísmyndun hefst takmarkast hann vafalaust mjög fljótt. Þjórsá lokast við Fitjaskóga og skrið ofan að hrannast upp neðan Gljúfurleitarfoss. Tungná lokast ofan Blautukvíslar í Tungnárkróki og ofan Hófsvaðs. Kaldakvísl lokast á kafla við Krappafoss og að mestu ofan Þórisóss.

Með hliðsjón af kortunum á 5.–8. mynd má ætla að vatnsflötur verði eftir skamman tíma sem hér segir:

Þjórsá: Þjófafoss-ármót	6,0 km <sup>2</sup>
Þjórsá ofan ármóta	1,2 "
Tungná (ármót-Blautakvísl)	4,8 "
Kaldakvísl (ármót-Krappafoss)	1,0 "
Samtals	13,0 km <sup>2</sup>

Þetta er jafnstór flötur eins og eftir hlákur í febr. 1965, en frábrugðinn að því leyti, að þá var Þjórsá lokuð niður að Blautukvísl en Kaldakvísl opin að Þórisósi.

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman mælingar, þar sem til eru af vökinni, sbr. 5.–8. mynd.



	14.12. 1964	23.2. 1965	27.3. 1965	15.1. 1966	24.2. 1966
Þjórsá: Þjófafoss- <del>stíflustæði</del>	2,5	2,6	2,5	2,3	1,3
Þjórsá ofan stíflustæðis	3,5	3,8	3,2	(2,0)	0,9
Tungná: ármót - Útkvísl	2,9	4,8	3,0	...	1,7
Kaldakvísl	1,0	(1,8)	1,6	...	0,2
Samtals ofan Þjófafoss	9,9	13,0	10,3	...	4,1
Samtals ofan stíflustæðis	7,4	10,4	7,8	...	2,8

(Stíflustæði: stíflustæði Búrfellsvirkjunar.)

Veturinn 1964-65 var vökin alltaf samfelld fyrir utan nokkrar spangir og smáhrönn við Hald í janúar.

Veturinn 1965-66 lokaðist Tungná á alllögum kafla við Hald og Þjórsá lokaðist neðan Tangafoss og ofan Klofaeyjar.

Fyrri veturinn má því reikna með, að megnið af ísnum sem myndaðist í vökinni hafi borizt jafnharðan niður um Þjófafoss, en seinni veturinn hrannaðist töluvert upp á svæðinu frá Vaðfit upp fyrir Hald.

Hugsanlegt er að finna megi formúlu fyrir minnkun vatnsflat-  
arins, t.d. er sennilegt að

$$\frac{dF}{dt} = f(S, Q, F)$$

þar sem  $F$  er vatnsflötur,  $Q$  rennsli,  $S$  varmatap,  $t$  tími. Mælingar eru of fáar til að góður grundvöllur sé fyrir slíka útreikninga. Samt sem áður hefur vatnsflötur þessa tvo vetur verið áætlaður, sjá ll. mynd. Gert var ráð fyrir, að  $F$  væri  $13 \text{ km}^2$  í upphafi og minnkunin reiknuð eftir:

$$\frac{dF}{dt} = -k \cdot S \cdot F^2 \quad \text{eða} \quad \int_a^b \frac{dF}{F^2} = -k \cdot \sum_{\Delta t} S \cdot \Delta t \quad \text{þar sem}$$

$F$  er í  $\text{km}^2$ ;  $S$ :  $1 \text{ cal km}^{-2}$  á sólarhr.;  $\Delta t$ : 1 sólarhr. og  $k$  stuðull sem er fall af rennsli. Veturinn 1964-65 er reiknað með  $k = 1,45 \cdot 10^{-4}$  allan tímann og virðist það koma heim við forsendur og mælingar. Veturinn 1965-66 var rennsli minna og

verður þá að setja  $k$  stærra, allt að  $2,4 \cdot 10^{-4}$ , til að komast niður í  $4 \text{ km}^2$  í febrúar. Stækkun vatnsflatarins í hlákum fer vafalaust mest eftir rennsli og er þar um hreinar ágizkanir að ræða. - Af þessu sést, að útreikningar eru harla frumstæðir. Með auknum mælingum má kannski fá sæmilegan grundvöll. Æskilegt væri að skipta vökinni niður og taka þarf tillit til snjókomu og skafrennings.

En ekki er allt fengið, þó að vatnsflötur vakarinnar sé þekktur. Töluvert lindavatn rennur í Tungná og Köldukvísl og vermir árnar. Í efstu hlutum vakarinnar, Tungná í Tungnárkróki og Köldukvísl neðan Þórisóss er sennilega engin ísmyndun þegar varmatap er lítið. Lauslega áætlað er lindavarmi  $60-70 \text{ Mcal s}^{-1}$  í vægu frosti, en minnkar þegar varmatap eykst, lindárnar geta farið niður í  $0^\circ \text{ C}$  áður en þær renna í. Taka má tillit til lindavarmans við útreikninga á ísmyndun með því að reikna með minni vatnsfleti. Í þessu sambandi má einnig taka tillit til varma frá fallorku, sem er  $60-130 \text{ Mcal s}^{-1}$  í vökinni, vitaskuld breytilegur eftir rennslinu. Með hliðsjón af þessu hefur reikningsleg minnkun á vatnsfleti vakarinnar við mismunandi varmatap verið áætluð, sjá línurit á ll. mynd.

### 5.3 Útreikningar og mælingar á ísmagni

Eftir útreiknuðu varmatapi við Tangafoss (tafla 1) og áætluðum vatnsfleti (ll. mynd) hefur ísmyndun í vökinni ofan Þjófafoss veturna 1964-65 og 1965-66 verið reiknuð út, sjá töflu 5. Tekið er tillit til linda og fallorkuvarma með því að minnka vatnsflötinn eins og skýrt er frá hér á undan. Í útreikningum eru teknir með allir þættir sem máli skipta í varmajöfnuðinum, nema snjókoma og skafrenningur, en þessir tveir vetur voru snjóléttir.

Nákvæmni útreikninganna kann að vera ábótavant. Varmatapsformúlunum eru gerð skil í sérstakri skýrslu. Þær eru vafalaust réttar í meginatriðum og nákvæmni þeirra verður vonandi rannsökuð með nánari mælingum. Mælingar á vatnsfleti vakarinnar eru því miður of fáar. Þar getur sennilega stundum

skakkað 1 km<sup>2</sup> og jafnvel meira til eða frá. Álitamál er, hvort ísmyndun á flatareiningu minnkar eitthvað að ráði þegar skrið eykst. Á hinn bóginn má búast við auknu varmatapi vegna öldugangs og úða í flúðum og fossum. Staðsetning veðurstöðvarinnar við Tangafoss virðist vera mjög góð. Þegar lokið er úrvinnslu mælinga sem nú eru gerðar við Hrauneyjafoss, Svartá og Búrfell fæst nánari vitneskja um veðurfarið á svæði vakarinnar.

Mælingar á ísskriði eru mjög frumstæðar ennþá. Gerðar hafa verið tilraunir með viðnámsmælitæki (Björn Kristinsson verkfr.) og lofar það góðu. Dr. Gunnar Sigurðsson (1964) lýsir aðferðum sem notaðar voru 1963. Önnur aðferðin er fólgin í því að taka sýnishorn af vatni á stað, þar sem krapið er vel upphætt og mæla ísmagn í sýnishorninu. Slíkir staðir eru óvíska og enginn í nágrenni við Tangafoss. Hin aðferðin var prófuð í örfá skipti 1965. Þá er valinn staður, þar sem krapið flýtur ofan á í flygsum. Mældur var hraði krapaflygsanna, þær fiskaðar upp með sléttu sigti og þykkt og vatnsgildi á ísnum þannig uppteknum mælt. Þegar krapaflygsurnar voru jafndreifðar um alla á, var þykkt þeirra nokkuð jöfn. Vatnsgildi krapsins á sigtinu var um 0,6. Ísbreiðustigið var áætlað og var það erfiðast viðfangs og mjög ónákvæmt. Í eftirfarandi töflu eru sýndar niðurstöður slíkra mælinga og útreiknað ísmagn til samanburðar. Reiknað er með meðalgildum veðurþátta í tvær stundir fyrir mælingu. Sólgeislum var áætluð með hliðsjón af mælingum í Reykjavík og er það mjög lauslegt.

Dag 1965	Kl.	Staður	Ísskrið tonn s <sup>-1</sup>	
			Mælt	Reiknað
9.2.	1100	FM3	3	1
12.2.	1300	V04	22	24
13.2.	1145	V04	8	5
28.2.	1640	V04	8	3
3.3.	1450	n.V2	21	17
3.3.	1530	FM3	19	18
18.11.	1100	V04	9	7
29.11.	1215	V04	24	13

Í grein Sigurjóns Rist (1962), 4. mynd, er sýndur ísháfur, sem mun vera notaður þannig, að skriðið er látið renna inn um ákveðið þversnið í tiltekinn tíma og safnað í poka og ísmagn-ið síðan vegið. Með því að mæla á nógu mörgum stöðum í þver-sniði árinna fæst vafalaust ágæt ákvörðun á magni skriðsins, en framkvæmdin er erfið í stórám.

Þegar tekið er sýnishorn af krapi og vatnið síað frá, verður alltaf eitthvað vatn eftir með ísnum. Þetta atriði þarf að rannsaka með kalorímetriskum mælingum.

Bezti mælikvarðinn á nákvæmni ísmagnsreikninganna eru rúmtaks-mælingar þær, sem gerðar voru á Búrfellshrónn eftir loftmyndum frá febrúar og marz 1965. Samkvæmt þeim var rúmtak hrannar-innar:

23. febr. 1965	13.61 Gl.
27. marz 1965	30.02 Gl.
Mismunur	16.41 Gl.

Fyrirtækið sem gerði útreikningana (VIAK) tekur, að meðal-skekkja á rúmtaksmismun sé ekki yfir 0,5 Gl. Spurning er, hvort eitthvað af rúmtaksaukningunni geti stafað af vatns-uppistöðu. Við athugun á loftmyndum og korti af yfirborði hrannarinnar, 9. mynd, sést, að svo getur ekki verið nema lítilsháttar í Fossá. Með samanburði við kort af bæli hrann-arinnar, sem gerð eru eftir myndun frá ágúst 1965 fæst, að rúmtak uppistöðunnar í Fossá er 0,5-1,0 Gl.

Rúmtaksmælingin nær niður að Lambhaga, þar sem áin lokast venjulega. En þ. 18.3. lokaðist áin neðan Gaukshöfða og upp úr. Eftir loftmyndum og athugunum er ísmagn neðan Lamghaga áætlað 2-4 Gl.

Eitthvað hefur leyst af hrönninni í hlákum 9.-11.3. og 15.3., þó tæplega meira en um 1 Gl.

Viðbótin við ísmagnnið neðan Þjófafoss 23.2.-27.3. 1965 var því um 19 Gl.

Hinn 23.2. var svo til enginn ís í gljúfrinu neðan Þjófafoss og Þjórsá hafði opnað breiðan farveg gegnum hrönnina við suðurlandið og Fossá við norðurlandið. Næstu daga jukust skarir við Lambhaga og þ. 3.3. lokaðist þar og skrið safnaðist í geilina upp að Hvassatanga. 7.-8. kom skrið undan hrönninni við Lambhaga. 9.-11. var hláka og þ. 11. ruddi áin sig við Lambhaga. Ísinn sem safnaðist saman 3.-8. hefur sennilega allur skolazt burt aftur. 12.-14. var lítilsháttar skrið á morgnana og þ. 15. var þíða. Þann 16. upphófst frostakafli og þ. 18. lokaðist neðan Gaukshöfða. Ekkert skrið kom undan ísskörinni við Gaukshöfða, fyrr en frostinu lauk. Frá 18. til 27. hefur því allur ís, sem myndaðist í vökinni safnazt í hrönnina, nema það sem settist að ofar. Vatnsflötur vakarinnar minnkaði um rúma  $2 \text{ km}^2$  þessa daga og má ætla, að skarir, spangir og grunnstingull ofan Þjófafoss hafi verið 1-2 Gl.

Ísmagnið sem myndaðist í vökinni 18.-27.3. var því samkvæmt mælingum og athugunum  $20,5 \pm 2,0$  Gl. Útreiknað ísmagn 18.-27.3. er  $15 \cdot 10^6$  tonn. Lítið er um mælingar á vatnsgildi íssins í hrönninni. Það er talið vera um 0,6, þar sem hún er nýleg og ekki sérlega hörð, en vafalaust 0,8-0,9, þar sem þrýstingur er mikill. Meðalvatnsgildið er varla minna en um 0,7, sem gefur um 21,5 Gl. og varla meira en um 0,85 sem gefur 17,5 Gl. Ísmyndun í vökinni 18.-27.3. er þá samkvæmt útreikningum  $19,5 \pm 2,0$  Gl. Lítilsháttar snjócoma var 21.3., en annars mun snjór eða skafrenningur ekki hafa aukið við ísmagnið þessa daga. Samræmi milli útreikninga og mælinga er ágætt eftir atvikum og sýnir, að reikningsaðferðir eru réttar í meginatriðum.

Í töflu 5 má sjá, að ísskrið við Þjófafoss er sjaldan yfir 10% af rennslinu (miðað við þyngd), en kemst þó einstöku sinnum yfir 20%. Mesta ísmagn á sólarhring er um þrjár miljónir tonna.

Heildarísmyndun í vökinni ofan Þjófafoss 1964-65 var um  $93 \cdot 10^6$  tonn og 1965-66 um  $79 \cdot 10^6$  tonn

Með nánari þekkingu á stærð vakarinnar við mismunandi skilyrði væri mögulegt að reikna út langæi ísskriðsins á sama hátt og gert hefur verið fyrir varmatap.

## 6. ÚTDRÁTTUR ÚR DAGBÓKUM

Úr dagbókum athugunarmanna eru teknar upp allar athugasemdir um ísalög. Hvergi er um samfelldar lýsingar að ræða á stærri svæðum, því að eins og fyrr segir voru ferðir óreglulega og oft strjálar. Athugasemdir um þrepahlaup eru að mestu eftir vatnshæðarlínuritum. Ekki mun þó vera getið um öll þrepahlaup, því að vatnshæðarmælar voru stundum óvirkir. Upplýsingar um Búrfellshrónn eru að nokkru eftir skýrslu Sigurjóns Rist 1965: Ísaathuganir í neðri hluta Þjórsár.

### Október 1964

Tíðarfarið var fremur milt, aðeins tveir smávægilegir frostakaflar 7.-8. og 22.-25. Ekki er kunnugt um athuganir ofan Þjórsárholts, en 23.-24. var lítilsháttar skrið þar.

### Nóvember 1964

Frostlaust að kalla 1.-12.

Þ. 12. kl. 2100 var lofthiti við Tangafoss  $-0,3^{\circ}$  og vatnshiti í Tungná  $+1,0^{\circ}$ .

Aðfaranótt þ. 13. var allhvasst NA, kl. 0700 var vatnshiti  $0,0^{\circ}$  og ofurlítið krap í Tungná. Lofthiti ennþá  $-0,3^{\circ}$ . Ískristallarnir voru þunnar plötur, 1-3 mm í þvermál. Krapíð jókst mjög þegar leið á daginn.

Næstu daga, 14.-17. var kalt; mikið skrið í Þjórsá ofan við Búrfell, smáskarir og litlar íseyjar. Hrönn myndaðist neðan við Búrfell og náði lítið eitt upp fyrir Hvassatanga. Í gljúfrinu við Vaðfit var spöng úr krapí, ísbakkar allt að 2 m yfir vatnsborði. Skarir við Tangafoss 2-3 m.

Þ. 18. var skafrenningur og hlýnandi. Krapíð í ánum var nú eins og snjór. Þrepahlaup við Hald kl. 2030, vatnsborð hækkaði á 1 1/2 stund um 1,2 m.

Þíða 18.-22. Þann 19. a.m.k. var dálítill jakaburður í Þjórsá og Tungná. Spöngin við Vaðfit óbrotin (19). Þann 23. kólnaði aftur. Frost og stillur næstu daga.

Þann 24. var vatnshiti við Þjófafoss  $0,4^{\circ}$  kl. 1120. Áin hafði þá grafið breiðan farveg gegnum Búrfells-  
hrönn; ísbakkar allt að 4 m háir við Hvassatanga.

Þann 25. var vatnshiti í Tungná við Tangafoss  $0,6^{\circ}$  um hádegi og  $0,3^{\circ}$  kl. 21. Spöngin við Vaðfit horfin.

Þann 26. kl. 08 var ofurlítið krap í Tungná við Tangafoss, ískristallar þunnar plötur. Krapíð jókst þegar leið á daginn en varð ekki mikið. Við T 23 var dálítill krapaför kl. 1215, en engin við Hranneyjafoss kl. 1345, vatnshiti þar  $0,0^{\circ}$ . Þjórsá opin við Sultartanga og ofan Blautukvíslar, krapaför. Við Hald voru jakar um 1 m yfir vb., sjá mátti að áin hafði stíflast (sennil. milli 14. og 17.) í fyrstu beygju neðan við Haldið og farið beint út í hraun.

